

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 192/2016, um mat á vegnum fjármagnskostnaði sem viðmið um leyfða arðsemi við ákvörðun tekjumarka sérleyfisfyrirtækja í flutningi og dreifingu á raforku, með síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Grunnvextir í Bandaríkjadöllum eru ákvarðaðir á grundvelli samtölu 10 ára viðmiðs ávöxtunarkröfu bandarískra ríkisskuldabréfa (e. 10 y US TIPS) og 10 ára áhættuálags ríkissjóðs Íslands að frádregnu 10 ára áhættuálagi ríkissjóðs Bandaríkjanna. Miða skal við upplýsingar um skuldatryggingarálag til 10 ára (e. 10 y CDS) sem fengnar eru frá viðurkenndri gagnaveitu.

2. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Veginn fjármagnskostnaður dreifiveitna ákvarðast af eftirfarandi gildum og er reiknaður samkvæmt WACC formúlunni, sem sett er fram í 2. gr.:

Viðmið um eiginfjárlutfall	e	55%
Viðmið um skuldahlutfall	d	45%
Beta-gildi hlutfjár	β_E	0,74
Vaxtaálag	s_D	1,0%
Áhættuálag markaðar	s_M	5,2%
Sérstakt áhættuálag	s_L	1,0%

Miða skal við grunnvexti r_f í íslenskum krónum, sbr. 1. mgr. 3. gr., og tekjuskattshlutfall T_S sem ákvarðað er á grundvelli 71. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

3. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

a. Veginn fjármagnskostnaður flutningsfyrirtækis vegna flutnings til dreifiveitna ákvarðast af eftirfarandi gildum, sbr. 2. gr.:

Viðmið um eiginfjárlutfall	e	50%
Viðmið um skuldahlutfall	d	50%
Beta-gildi hlutfjár	β_E	0,81
Vaxtaálag	s_D	1,0%
Áhættuálag markaðar	s_M	5,2%
Sérstakt áhættuálag	s_L	1,0%

Miða skal við grunnvexti r_f í íslenskum krónum, sbr. 1. mgr. 3. gr., og tekjuskattshlutfall T_S sem ákvarðað er á grundvelli 71. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

b. Veginn fjármagnskostnaður flutningsfyrirtækis vegna flutnings til stórnótenda ákvarðast af eftirfarandi gildum, sbr. 2. gr.:

Viðmið um eiginfjárlutfall	e	50%
Viðmið um skuldahlutfall	d	50%
Beta-gildi hlutfjár	β_E	0,81
Vaxtaálag	s_D	1,0%
Áhættuálag markaðar	s_M	5,2%
Sérstakt áhættuálag	s_L	1,0%

Miða skal við grunnvexti r_f í Bandaríkjadöllum, sbr. 2. mgr. 3. gr. og tekjuskattshlutfall T_S sem ákvarðað er á grundvelli 71. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

4. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Orkustofnun skal taka ákvörðun um grunnvexti næsta almanaksárs fyrir 15. maí, byggða á forsendum um grunnvexti, skv. 1. og 2. mgr. 3. gr. Ákvörðun grunnvaxta leiðir af sér nýja ákvörðun um veginn fjármagnskostnað.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 8. mgr. 12. gr. og 8. mgr. 17. gr. raforkulaga nr. 65/2003, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. apríl 2020.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Ingi Már Pálsson.

Sigríður Valgeirsdóttir.